

# Samtök orkusveitarfélaga

## 15. stjórnarfundur

Árið 2013, mánudaginn 9. desember kl.11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar. Fundinn sátu: *Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Jens Pétur Jensen, Eyjólfur Sæmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Gunnar Þorgeirsson og*

*Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

*Fundargerð var færð í tölvu og ritaði Bryndís Gunnlaugsdóttir fundargerðina.*

*Þetta var tekið*

### 1. Fjármál samtakanna

Valur lagði fram yfirlit yfir fjármál SO á árinu. Stærsti kostnaðarliðurinn var skýrsla frá Deloitte. Reksturinn er í samræmi við áætlun. Stefnt er að því að reyna að fjölga aðildarfélögum á nýju ári og verður farið yfir það hvaða sveitarfélög gætu átt erindi í SO en eru ekki aðilar nú þegar.

### 2. Stefnumörkun stjórnar

Stefnumörkun stjórnar tekin fyrir aftur eftir að aðildarsveitarfélögum hafði verið boðið að koma að athugasemdum. Engar athugasemdir bárust og er stefnumörkunin samþykkt.

### 3. Undanþágur frá fasteignaskatti

SO sendi erindi til Sambands íslenskra sveitarfélaga um að fylgja þessu máli eftir, þ.e.a.s. að undanþága frá fasteignaskatti verði felld úr lögum. Sambandið fundaði með innanríkisráðuneytinu sem hefur falið Þjóðskrá að gera skýrslu um það hvaða mannvirki þetta eru sem falla ekki undir fasteignagjöld. Formanni og starfsmanni SO er falið að fylgja málinu eftir og óska eftir því að fulltrúar sambandsins mæti á næsta fund stjórnar SO.

### 4. Landsþing LVK í Noregi

Formaður lagði fram skriflega skýrslu um Landsþing LVK í Noregi en þetta eru sambærileg samtök og SO. Formaður og ritari fóru á landsfundinn sem var í ágúst.

### 5. Úttekt Deloitte

Formaður leggur til að erindi verði sent til aðildarsveitarfélaganna þar sem óskað er eftir því að SO mæti á fund sveitarfélaganna og kynni skýrslu Deloitte og störf SO og er það samþykkt.

### 6. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.

Formanni falið að senda inn umsögn við þingsályktunartillögu í samræmi við drög er lögð voru fram á fundinum.

### 7. Önnur mál

Formaður og starfsmaður munu ítreka erindi SO til fjármálaráðherra um fund.

Fundi slitið 12:30